



Farskólinn

miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

ÁRSSKÝRSLA 2015



Maí 2016

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra
Bryndís Kristín Þráinsdóttir

Ljósmynd á forsíðu:

Myndin er tekin á ársfundi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í desember 2015 þegar fisktæknihópurinn fékk viðurkenningu fyrir að vera fyrirmynd í námi fullorðinna árið 2015. Verðlaunin voru veitt fyrir Grunnmenntaskólann.

Frá vinstri: Bryndís Þráinsdóttir, Halldór Gunnlaugsson, Ásgerður Tryggvadóttir, Ágúst Marinósson, Nanna Bára Maríusdóttir, Ólafur Arnbjörnsson og Þorkell Þorsteinsson.

Efnisyfirlit

Um Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	5
Stofnun og stofnaðilar.....	5
Stjórn og varastjórn	6
Starfsfólk	7
Fjárframlög árið 2015.....	9
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	9
Um fræðslustarfið - tölfræðin.....	11
Námskeið	11
Námsmenn.....	14
Um fræðslustarfið – námskeið.....	17
Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	17
Starfstengd námskeið – námskeið til að efla persónulega færni	17
Íslenska sem annað mál.....	18
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra	18
Tómstundanámskeið	18
Náms- og starfsráðgjöf.....	19
Náms – starfsráðgjöf - tölfræði	19
Menntun og búseta ráðþega 2015	20
Raunfærnimat	23
Háskólanám.....	25
Tilraunaverkefnið „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“	27
Húsnæði og búnaður.....	29
Menntabruín, FS net og kerfisleiga	29
Gæðastarf – viðurkenning fræðsluaðila.....	31
Samstarfsaðilar og önnur verkefni.....	33
Starfið framundan í Farskólanum	37
Lokaorð.....	39
Fylgiskjöl.....	41


Um Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

STOFNUN OG STOFNAÐILAR

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var formlega stofnaður á Sauðárkróki 9. desember árið 1992 og fékk við það sína eigin skipulagsskrá. Farskólinn varð sjálfseignarstofnun árið 1998. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá, sem samþykkt var af sýslumanninum á Sauðárkróki 16. apríl 2009, eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Formlegir stofnaðilar að Farskólanum eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, sveitarfélagið Skagaströnd, Akrahreppur og sveitarfélagið Skagafjörður. Stéttarfélagið Samstaða og Aldan stéttarfélag, Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu. Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki, Fisk Seafood hf., Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum.

Starfssvæði Farskólans nær frá Hrútafirði í vestri (með gamla Bæjarhreppi) og til Tröllaskaga í austri. Norðurland vestra er 13.250 km² eða 12,7% af flatarmáli Íslands. Undanfarin ár hefur íbúum á Norðurlandi vestra fækkað. Þann 1. janúar 2015 voru íbúar á Norðurlandi vestra 6.971 (7.080 árið 2014) að tölu (Heimild: Hagstofa Íslands). Sjá mynd 1.



Mynd 1. Starfssvæði Farskólans

STJÓRN OG VARASTJÓRN

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn Farskólans kosin til tveggja ára í senn. Ný stjórn var kosin á aðalfundi Farskólans 13. maí 2015. Ásgerður Pálsdóttir frá stéttarfélaginu Samstöðu gaf ekki kost á sér til lengri stjórnarsetu. Nýr formaður stjórnar er Þórarinn Sverrisson frá Öldunni, stéttarfélagi. Árið 2015 voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir. Auk þess var aðalfundur haldinn 13. maí og vofundur Farskólans, sem var stefnumótunarfundur, var haldinn síðar sama dag. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórnarmenn reglulega um starfsemina. Í árslok 2015 sátu í stjórn Farskólans: Sjá töflu1:

Tafla 1. Stjórn Farskólans í lok árs 2015.

Stofnun / samtök	Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Stéttarfélög	Þórarinn Sverrisson	Stefanía Garðarsdóttir
Fyrirtæki og stofnanir	Herdís Klausen	Guðrún Sighvatsdóttir
Sveitarfélög	Póra Sverrisdóttir	Inga Huld Þórðardóttir
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Ingileif Oddsdóttir	Þorkell Þorsteinsson
Hólaskóli – háskólinn á Hólum	Erla Björk Örnólfsdóttir	Hjördís Gísladóttir



Mynd 2. Stjórn Farskólans 2013 – 2015. Frá vinstri: Ásgerður Pálsdóttir frá Samstöðu, formaður, Þorkell Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari FNV, Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Farskólans, Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Hólaskóla og Guðrún Sighvatsdóttir frá FISK Seafood hf. Á myndina vantar Ingu Huld Þórðardóttur, fulltrúa sveitarfélaga

STARFSFÓLK

Árið 2015 komu sjö einstaklingar að starfinu í Farskólanum í tæplega fimm stöðugildum.



Starfsmenn voru: Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri; Gígja Símonardóttir, þjónustustjóri; Halldór B. Gunnlaugsson og Jóhann Ingólfsson, verkefnastjórar og umsjónarmenn háskólanáms; Ólafur Bernódusson, verkefnastjóri á Skagaströnd og náms- og starfsráðgjafi; Sandra Hilmarsdóttir, verkefnastjóri með áherslu á náms- og starfsráðgjöf. Auk þess starfaði Aðalheiður Reynisdóttir, náms- og starfsráðgjafi, sem verktaki og Bryndís Lilja Gísladóttir og Kristín Einarsdóttir aðstoðuðu við kvöldnámskeið á vor- og haustönn.



Mynd 3. Frá smíðanámskeiði Fjölmenntar.

Fjárframlög árið 2015

Í þessum kafla er fjallað um styrki og fjárframlög til Farskólans frá hinu opinbera með áherslu á mennta- og menningarmálaráðuneytið. Fjallað er um aðra styrki samhliða umfjöllun um viðkomandi verkefni síðar í ársskýrslunni.

Á fjárlögum fyrir árið 2015 fékk Farskólinn styrki til reksturs Farskólans og eflingar háskólanáms að upphæð 30,8 milljónir króna. Farskólinn fékk styrk úr Fræðslusjóði til að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Farskólinn var einnig í samstarfi við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra en enginn formlegur samningur var gerður um styrk frá Fjölmennt árið 2015 heldur greiddi Fjölmennt fyrir unnin verkefni samkvæmt reikningi. Stofnaðilar greiddu vildargjöld til Farskólans samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2015. Nánari upplýsingar um styrki og framlög vegna verkefna má sjá í ársreikningi fyrir 2015. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Taflan sýnir helstu framlög og styrki frá hinu opinbera til verkefna framkvæmd árið 2015.

Framlag frá	Verkefni	Styrkuppghæð
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Rekstur Farskólans, ýmis verkefni, háskólanám. Íslenska fyrir útlendinga*.	30.800.000,- 414.000,-
Stofnaðilar	Greitt vildargjald stofnaðila	1.505.600,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir FA, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat.	18.916.100,-
Samtals:		51.635.700,-

*Greiðsla vegna íslenskuverkefnis árið 2015. Fleiri greiðslur komu til en þær voru vegna 2014.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Á Fjárlögum 2015 var framlag til Farskólans samtals 30,8 milljónir króna. Nýr samningur var undirritaður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið 18. desember 2014, sem gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Í samningnum segir meðal annars í 1. grein, um markmið og starfsemi, að Farskólinn mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Farskólinn skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila ... vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir ... miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur

framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“ (Úr samningi við Mennta og menningarmálaráðuneytið árið 2014).

Samkvæmt samningnum í gegnum svokallaða Norðvesturnefnd frá árinu 2008 er gert ráð fyrir einu stöðugildi hjá Farskólanum til að efla háskólanám á Norðurlandi vestra. Fjármunir vegna þess komu til Farskólans með áðurnefndum samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Um fræðslustarfið - tölfræði


Árið 2015 gaf Farskólinn út tvo Námsvísa; í janúar og í september. Í námsvísunum kynnti Farskólinn alla þá þjónustu sem skólinn veitir ásamt því að auglýsa námskeið komandi annar og birta viðtöl við námsmenn. Þeir sem komu að kennslu á námskeiðum voru langflestir verktakar og búsettir á starfssvæði Farskólans.

Í eftirfarandi undirköflum er fræðslustarfið sett fram með hjálp lýsandi tölfræði. Í viðauka við Ársskýrsluna má sjá frekari samanburð frá árinu 2003.

NÁMSKEIÐ

Námskeið Farskólans eru gerð upp tvisvar á ári; við lok vorannar og við lok haustannar. Þau námskeið sem ná yfir áramót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti).

Árið 2015 voru haldin samanlagt 60 námskeið, 42 námskeið á vorönn og 18 námskeið á haustönn. Í viðauka (Töflur 9 og 10) eru öll námskeiðin talin upp ásamt nánari upplýsingum um þau. Námskeiðum fjölgaði um 10 á milli ára eða um 20%. Sjá nánar mynd 4.




Mynd 4. Myndin sýnir fjölda námskeiða árin 2006 – 2015.

Námskeiðsflokkar

Námskeið Farskólans árið 2015 voru, eins og undanfarin ár, flokkuð í fimm flokka.

1. Vottaðar námsleiðir FA sem voru fjármagnaðar af Fræðslusjóði.
2. Námskeið sem tengdust störfum fólks eða voru til að efla persónulega færni þess.
3. Íslenskunámskeið sem styrkt voru sérstaklega af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
4. Námskeið sem styrkt voru af Fjölmennt og ætluð skjólstæðingum þeirra.
5. Tómsundanámskeið af öllum stærðum og gerðum. Sjá nánar um fjölda námskeiða í hverjum flokki á mynd 5.




Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námskeiða eftir flokkum frá árinu 2011.



Mynd 6. Starfsfólk Farskólans heimsækir samstarfsfólk sitt vorið 2015.

Fjöldi námskeiða eftir sveitarfélögum


Flest námskeið voru haldin í Skagafirði eða 34 námskeið. Á Hvammstanga voru haldin sjö námskeið og tíu á Blönduósi. Níu námskeið voru kennt í gegnum fjarfundabúnað. Má þar nefna námskeið eins og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, Skrifstofuskólann, Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré og námskeið fyrir sjúkraliða. Sjá nánar á mynd 7.



Mynd 7. Fjöldi námskeiða eftir sveitarfélögum árið 2015.

Kennslu- og nemendastundir

Árið 2015 voru kennslustundir á námskeiðum 1.412 að tölu (1.709 árið 2014). Hver kennslustund var 40 mínútur að lengd. Árið 2015 voru nemendastundir 15.139 (16.100 árið 2014) og fækkaði þeim um tæp 6% á milli ára. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda saman fjölda þátttakenda og fjölda kenndra stunda á hverju námskeiði fyrir sig og leggja tölurnar síðan saman. Sjá mynd 8.




Mynd 8. Fjöldi nemendastunda eftir námskeiðsflokkum frá árinu 2011.

NÁMSMENN

Fjöldi násmanna, kynjaskipting og aldur


Árið 2015 stunduðu **617** námsmenn (490 árið 2014) nám í Farskólanum. Námsmönnum fjölgaði um rúmlega 26% á milli ára. Konur voru 483 og karlar voru 134. Karlar eru tæp 22% násmanna. Árið 2015 var meðalaldur násmanna Farskólans **44,5 ár** (42 ár árið 2014). Flestir námsmenn voru 46 ára. Elsti námsmaðurinn var 76 ára (77 ára árið 2014) og sá yngsti var 14 ára (14 ára 2014).

Þegar búið er að taka tillit til þeirra sem komu oftast en einu sinni á námskeið þá eru námsmenn (kennitölur) 430.



Mynd 9. Myndin sýnir fjölda karla og kvenna og skiptingu milli kynja frá árinu 2006.


Skipting násmanna eftir námskeiðsflokkum



Mynd 10. Myndin sýnir fjölda násmanna eftir námskeiðsflokkum frá árinu 2011.

Búseta námsmanna

Námsmenn komu af öllu Norðurlandi vestra. Ef póstnúmer námsmanna eru skoðuð kemur í ljós að flestir komu frá Sauðárkróki eða 274 og næstflestir koma frá Blönduósi eða 81.



Mynd 11. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir póstnúmerum.

Um fræðslustarfið – námskeið

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Árið 2015 námu framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða **10.500.000 kr.** (11.710.000 kr. árið 2014). Markmið ársins náðust varðandi nýtingu fjármagns frá Fræðslusjóði.

Árið 2015 voru kenndar í Farskólanum fjórar vottaðar námsleiðir FA. Mennta- og menningar- málaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi námsleiðirnar til framhaldsskólalæminga. Jóhann Ingólfsson hafði umsjón með Skrifstofuskólanum og Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré og Halldór Gunnlaugsson hafði umsjón með Grunnmenntaskólanum og Námi og þjálfun (8). Sjá töflu 3.

Tafla 3. Taflan sýnir vottaðar námsleiðir, fjármagnaðar af Fræðslusjóði, sem kenndar voru árið 2015.

Námsleið FA	Fjöldi st	Hvar haldin	Athugasemdir
Nám og þjálfun (8), seinni hluti.	150	Sauðárkrókur, Skagaströnd.	Fjarfundabúnaður.
Skrifstofuskólinn.	240	Sauðárkrókur, Hvammstangi.	Fjarfundabúnaður.
Grunnmenntaskólinn – 75% - lok.	175	Sauðárkrókur.	Hluti Fisktæknináms.
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré.	117*	Sauðárkrókur, Blönduós.	Fjarfundabúnaður.

*Eingöngu fjöldi kennslustunda í skólastofu. Spegluð kennsla og gert ráð fyrir fleiri „stundum“ heima.

STARFSTENGD NÁMSKEIÐ – NÁMSKEIÐ TIL AÐ EFLA PERSÓNULEGA FÆRNI

Árið 2015 lagði Farskólinn áfram áherslu á að sinna ört vaxandi ferðapjónustu á starfssvæði sínu. Árið 2014 fékk Farskólinn, í tengslum við tilraunaverkefnið „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“, styrk að upphæð 3 milljónir króna til að halda 4 námskeið fyrir ferðapjónustuaðila á öllu svæðinu eða samtals 12 námskeið. Námskeiðin voru haldin árið 2015. Námskeiðin voru: „Ljósmyndun og myndir sem kynningarefni“, „Markaðssetning á netinu“, „Stofnun, stjórnun og rekstur fyrirtækja“ og „Uptaka myndefnis, klipping og frágangur“. Þátttaka var góð og þurftu þátttakendur ekki að greiða fyrir námskeiðin. Farskólinn hélt einnig tvö þjónustunámskeið og námskeið um VAKANN fyrir ofangreinda aðila.

Tvö námskeið voru haldin fyrir sjúkraliða og námskeið í skyndihjálpi fyrir starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Blönduósi. Halldór Gunnlaugsson var verkefnastjóri námskeiða sem tengdust ferðapjónustunni. Sjá nánar í Fylgiskjöllum.

ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Árið 2015 var haldið á Sauðárkróki framhaldsnámskeið í íslensku fyrir fólk af erlendu bergi brotið (sjö námskeið árið 2014). Leiðbeinandi var Sara Níelsdóttir, framhaldsskólakennari. Ekki náðust hópar í fleiri námskeið. Verkefnastjóri íslenskunámskeiðanna var Jóhann Ingólfsson.

FJÖLMENNT – FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐRA

Í samvinnu við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin þrjú námskeið á haustönn 2015 (sex námskeið 2014). Tvö sundnámskeið; „Velliðan í vatni“ sem voru 15 kennslustundir hvort námskeið og eitt smíðanámskeið sem stóð yfir í 30 kennslustundir.

Farskólinn gerði samning við Fjölmennt árið 2014 um að vinna samkvæmt reikningi og gekk það eftir. Umsjónarmaður námskeiðanna var Sandra Hilmarsdóttir.

TÓMSTUNDANÁMSKEIÐ

Árið 2015 voru haldin 27 tómskúlanámskeið. Námskeið tengd heilsu og mataræði voru vinsæl. Má þar nefna Detox námskeið, námskeið um gigt og grasalækningar, jóga, núvitund og námskeið um matjurtagarðinn þinn. Enn fremur má nefna saumanámskeið, námskeið í orkeringu, púðagerð, glermálun, sögu og smökkun viskís og fleira.

Náms- og starfsráðgjöf

Farskólinn gerði samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar árið 2015. Samningurinn hljóðaði upp á **3.900.000 kr.** (3.624.700 kr. árið 2014). Sandra Hilmarsdóttir kom til starfa 1. ágúst 2015 til að sinna náms- og starfsráðgjöf en hún er að ljúka meistaranámi í faginu. Sandra var ráðin til tveggja ára samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2014. Aðalheiður Reynisdóttir, sinnti náms- og starfsráðgjöf hjá Farskólanum sem verktaki fram eftir ári.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita ráðgjöf og hvatningu bæði til einstaklinga innan markhópsins og fyrirtækja; taka viðtöl, leiðbeina á námskeiðum ásamt fleiru. Ráðgjafinn er einnig lykilaðili í verkefnum tengdum raunfærnimati. Árið 2015 tókst að uppfylla þau markmið sem sett voru í samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um fjölda viðtala. Samtals voru tekin 294 ráðgjafaviðtöl (293 viðtöl árið 2014) árið 2015 og tengdust mörg þeirra raunfærnimati. Í skýrslu Aðalheiðar og Söndru til FA vegna ársins 2015 segir meðal annars:


Viðtöl náms- og starfsráðgjafa við ráðþega árið 2015 voru 294 (viðtöl Aðalheiðar náms- og starfsráðgjafa 144 og Söndru 150) og leituðu flestir ráðþegar eftir þessari þjónustu að eigin frumkvæði eða eftir kynningar eða heimsóknir. Þar með taldir þeir sem fóru í raunfærnimat á vegum Farskólans. Flest viðtölin fóru fram í húsnæði Farskólans á Sauðárkróki, í námsverinu á Blönduósi og á Hvammstanga ...

Ráðþegar hafa sýnt áhuga á taka þátt í raunfærnimati til styttingar á námi og hefur gengið vel að kynna það á svæðinu. Einnig hafa ráðþegar spurt um námsleiðir sem gefa réttindi, tilefni til að breyta um starf eða launahækkun. Við sjáum alltaf einhverja sem eru að ljúka bóklegum þætti iðnnáms og finnst ómetanlegt að geta gert það í umhverfi fullorðinsfræðslunnar, þar sem ekki eru próf og hægt að stunda námið eftir að vinnu líkur. Einnig finnum við það hjá þeim sem eru að hefja nám á nýjan leik. Námsleiðir FA eru einnig í boði í fjarfundarbúnaði sem er ómetanlegt fyrir dreifðar byggðir. Enn og aftur tala margir ráðþegar um að þeir vildu gjarnan sjá möguleika á að taka meira nám (á framhaldsskólastigi) í Farskólanum, en boðið er upp á í dag.

NÁMS – STARFSRÁÐGJÖF - TÖLFRÆÐI

Meðalaldur ráðþega árið 2015 var rúmlega 40,5 ár. Elsti ráðþeginn var 64 ára og sá yngsti var 20 ára. Flestir ráðþegar voru á 48 ára. Af 294 ráðþegum voru 281 í starfi eða 95,6%. Enginn ráðþegi var án atvinnu. Sjö voru í starfsendurhæfingu. Þeir sem komu í sitt fyrsta viðtal voru 105 að tölu og í svokallað endurkomuviðtal komu 189 ráðþegar. Frá félögum innan ASÍ komu 111 einstaklingar í ráðgjöf og frá félögum innan BSRB komu 80 einstaklingar. Samtals voru þetta 65% ráðþega (76,8% ráðþega 2014).


Ráðþegar voru samtals 294. Konur voru 207 og karlar voru 87. Karlar voru því 30% ráðþega á móti 45% árið 2014. Á mynd 12 má sjá skiptingu á milli kynja.



Mynd 12. Myndin sýnir kynjaskiptingu þeirra sem sóttu náms- og starfsráðgjöf árið 2015.


MENNTUN OG BÚSETA RÁÐÞEGA 2015

Af þeim 294 sem komu í viðtal til ráðgjafa höfðu 123 eða 42% einungis lokið grunnskóla og 105 höfðu hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið námi. Samtals höfðu því 228 eða 77,5% ekki lokið framhaldsskólaprófi. Skiptinguna í prósentum má sjá á mynd 13.



Mynd 13. Myndin sýnir menntunarstig ráðþega árið 2015.

Sveitarfélagið Skagafjörður er fjölmennasta sveitarfélagið á Norðurlandi vestra og þaðan komu 117 ráðþegar eða 40%. Frá Blönduósi komu 40 eintaklingar og frá Hvammstanga 39.



Mynd 14. Myndin sýnir, í prósentum talið, búsetu ráðþega árið 2015.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir í tengslum við náms- og starfsráðgjöf

Verkefnastjórar Farskólans heimsóttu 47 (68 árið 2014) fyrirtæki og stofnanir árið 2015 og hittu rúmlega 200 manns (300 árið 2014). Auk þess höfðu starfsmenn samband símleiðis eða í tölvupósti við allmarga aðila.

Raunfærnimat

Farskólinn gerði samning við FA um verkefni tengd raunfærnimati árið 2015. Samningurinn hljóðaði upp á 4.516.100 kr. Þær greinar sem teknar voru til mats voru: matartækni; verklegur þáttur, slátrun, fisktækni, tréiðn og leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Markmið samningsins tókst að uppfylla.

Tafla 4. Taflan sýnir hvaða starfsgreinar voru teknar til mats og fjölda staðinna eininga.

Raunfærnimat í Farskólanum árið 2015			
Grein	Fjöldi	Einingar	Athugasemdir
Matartækni	4	297	Í samstarfi við lðuna
Fisktækni	1	56	Samtals 86 Feiningar
Trésmíði	3	321	Í samstarfi við lðuna
Slátrrarar	15	440	Í samstarfi við lðuna
Kjötiðn	3	292	Í samstarfi við lðuna
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré	25	345	
Samtals:	51	1751	

Aðalheiður Reynisdóttir, náms- og starfsráðgjafi og Sandra Hilmarsdóttir, ráðgjafi, báru hitann og þungann af raunfærnimatinu. Jóhann Ingólfsson, verkefnastjóri, hefur ásamt Söndru umsjón með raunfærnimatsverkefnum hjá Farskólanum.



Mynd 15. Útskrift úr raunfærnimati á móti leikskóla- og stuðningsfulltrúabré haustið 2015.

Háskólanám

Formlegt fjarnám á háskólastigi hófst á Norðurlandi vestra haustið 2002 þegar Farskólinn gerði samstarfssamninga við íslensku háskólana. Frá haustinu 2002 hafa verið starfrækt námsver og námsstofur á fjórum stöðum á Norðurlandi vestra. Í námsverunum er ágætis aðstaða til náms og góður fjarfundabúnaður í eigu Farskólans. Sjá nánar í töflu 5.

Tafla 5. Taflan sýnir staðsetningu námsvera og námsstofa á Norðurlandi vestra.

Námsver og námsstofur á Norðurlandi vestra		
Staðir	Umsjónarmenn	Staðsetning
Hvammstangi	Sigríður Tryggvadóttir	Höfðabraut 6
Blönduós	Þórhalla Þórhallsdóttir Katharina Schneider	Blönduskóli Kvennaskólinn
Skagaströnd	Björn Ingi Óskarsson	Einbúastígur 2
Sauðárkrókur	Halldór Gunnlaugsson Jóhann Ingólfsson	Við Faxatorg

Sveitarfélögin, hvert á sínum stað, sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna. Á Hvammstanga og Skagaströnd eru starfsmenn í hlutastarfi hjá sveitarfélaginu. Þekkingarsetrið á Blönduósi hefur umsjón með námsverinu á Blönduósi.

Þegar námsverin og námsstofurnar voru settar á fót árið 2002 var þeirri hugmyndafræði fylgt að þátttakendur sjálfir væru sem mest sjálfbjarga; að þeir lærðu á fjarfundabúnaðina og fengu lykla. Þetta hefur gengið eftir.

Flestir háskólanemar sem stunda sitt nám í fjarnámi voru í Skagafirði. Árið 2015 voru tekin samtals 304 háskólapróf (291 háskólapróf árið 2014) í námsverunum á Norðurlandi vestra. Í námsverum utan Sauðárkróks voru auk þess tekin 102 framhaldsskólapróf. Sjá nánar í töflu 6.

Tafla 6. Taflan sýnir fjölda skráðra háskólaprófa sem tekin voru í heimabyggð árið 2015.

Fjöldi skráðra háskólaprófa í námsverum árið 2015	
Staðir	Fjöldi háskólaprófa
Fjarnámsstofan á Hvammstanga	85
Námsverið í Kvennaskólanum á Blönduósi	66
Námsstofan Skagaströnd	4
Námsver háskólanema á Faxatorgi Sauðárkróki	149

Árið 2015 gaf Farskólinn út sérstakt háskólablað til að kynna háskólanám í fjarnámi skólaárið 2015 – 2016. Einnig var önnur þjónusta við háskólanema kynnt svo sem náms- og starfsráðgjöf

og námskeið sem standa háskólanemum til boða. Blaðið var unnið í samstarfi við háskólana og fengu þeir frjálssar hendur með það hvernig kynningu þeirra á náminu var háttað í blaðinu.

Umsjónarmenn háskólanámsins eru Jóhann Ingólfsson og Halldór Gunnlaugsson.

Tilraunaverkefnið „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“

Tilraunaverkefnið „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“ hófst formlega í febrúar 2014. Farskólinn skrifaði undir samning við Háskólann á Bifröst 19. mars 2014. Í samningnum, sem var til eins árs, var gert ráð fyrir að Farskólinn tæki að sér ákveðna verkþætti og námu greiðslur til Farskólans vegna þeirra samtals 12.031.080 kr. á tólf mánaða tímabili. „Menntun núna“ lauk formlega í febrúar 2015. Mörg fræðsluverkefni sem tengdust tilraunaverkefninu héldu áfram árið 2015.

„Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“

Háskólinn á Bifröst hafði yfirumsjón með tilraunaverkefninu og gerði samstarfssamning við þrjár fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í kjördæminu um framkvæmd. Miðstöðvarnar voru: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Í upphafi verkefnisins voru sett metnaðarfull og mælanleg markmið sem byggðust á viðamikilli rannsókn sem gerð var sumarið 2013 í kjördæminu í tengslum við verkefnið, sem á þeim tíma nefndist: „Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi“.

Fræðsluerindrekstur – námskeið fyrir ferðaþjónustuaðila

Eitt af markmiðum „Menntun núna“ var að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í kjördæminu heimsæktu ákveðinn fjölda fyrirtækja og stofnana. Í þessum heimsóknum kom í ljós að þörf var fyrir námskeið um rekstur og markaðssetningu hjá ferðaþjónustuaðilum á Norðurlandi vestra. Árið 2015 voru haldin samtals tólf námskeið fyrir ferðaþjónustuaðila sem fengu sérstakan styrk árið 2014 úr verkefninu eða 3.000.000 kr. Þar sem styrkur fékkst til að halda námskeiðin var ákveðið að bjóða ferðaþjónustuaðilum að sækja námskeiðin sér að kostnaðarlausu, eins og áður hefur verið nefnt.

Raunfærnimat í fisktækni og slátrun

Annað markmið sem sett er fram í verkefninu „Menntun núna í Norðvesturkjördæmi“ var að aðstoða 60 einstaklinga í öllu kjördæminu við að komast í raunfærnimat. Þetta þýddi að um það bil 15 manns áttu að fara í raunfærnimat á starfssvæði Farskólans meðan á verkefninu stóð. Þátttaka í raunfærnimati fór hins vegar fram úr björtustu vonum, því samtals fóru 28 einstaklingar í raunfærnimat hjá Farskólanum vorið 2014 og af þeim fóru sautján einstaklingar í raunfærnimat á móti viðurkenndri námskrá í fisktækni. Haustið 2014 og eftir áramótin 2015 bættust við 15 manns í raunfærnimat í slátrun.

Fisktækninám - Grunnmenntaskólinn

Meðal fyrirtækja sem fræðsluerindrekar Farskólans heimsóttu snemma vors 2014 var FISK Seafood hf. á Sauðárkróki. Í kjölfar þessara funda hófst undirbúningur við að koma á fót raunfærnimati á móti námskrá Fisktækniskóla Íslands og að fisktækninám hæfist á Sauðárkróki haustið 2014 í samstarfi Farskólans, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra (FNV), FISK og Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Farskólinn sá um bóklegan hluta námsins (Grunnmenntaskólinn) og lauk þeim hluta í desember 2015.

Námsmenn í fisktæknináminu eru 21 að tölu og allir starfsmenn FISK. Tólf konur og níu karlar. Meðalaldur námsmanna er rúmlega 39 ár. Elsti námsmaðurinn er 64 ára og sá yngsti er 21 árs. Hópurinn mun útskrifast sem fisktæknar frá FNV vorið 2016.

Verkefnastjóri námsins voru tveir: Halldór Gunnlaugsson, verkefnastjóri, fyrir hönd Farskólans og Margrét Hallsdóttir, ráðgjafi, fyrir hönd FNV.



Mynd 16. Frá kynningu á verkefnum fisktækninema í apríl 2016. Einn hópur af fjórum.

Húsnæði og búnaður

Frá vorinu 2002 hefur Farskólinn leigt húsnæði undir skrifstofur af sveitarfélaginu Skagafirði við Faxatorg á Sauðárkróki. Þar er námsver háskólanema í Skagafirði einnig til húsa.

Fjarfundabúnaðirnir eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir fjarnemendur í háskólanámi samkvæmt fyrri samningum. Samtals eru sex fjarfundabúnaðir í eigu Farskólans. Þrír eru staðsettir í námsverinu á Sauðárkróki og þrír eru í námsverunum þremur, einn á hverjum stað.

Farskólinn á 27 fartölvur sem nýtast bæði háskólanemum og til kennslu á námskeiðum fyrir markhópin. Sex nýjar fartölvur voru keyptar árið 2015 og var eldri tölvum skipt út fyrir þær. Fartölvurnar voru staðsettar í námsverunum, allt eftir verkefnum hverju sinni. Einnig á Farskólinn þrjá skjávarpa og þar af er einn staðsettur á Blönduósi í sal Samstöðu og nýttur þar á námskeiðum. Hefðbundinn skrifstofubúnaður er til staðar á Sauðárkróki fyrir fimm starfsmenn ásamt tölvubúnaði og ljósritunarvél. Farskólinn gerði árið 2012 leigusamning við Tengil ehf. um rekstur ljósritunarvélarinnar.

MENNTABRÚIN, FS NET OG KERFISLEIGA

Árið 2011 var tekin í notkun ný Menntabréu vegna háskólanámsins sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnaði. Langflestir fjarfundir (kennsla fjarnemenda frá HA) fóru fram í gegnum nýju Menntabréuna. Jóhann Ingólfsson hélt utan um alla fjarkennslu og fjarfundi hjá Farskólanum ásamt því að sinna tæknimálum fyrir aðra tengda aðila.

Jóhann Ingólfsson sat í stjórn FS netsins fyrir hönd Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. FS netið er háhraðanet sem tengir saman alla framhaldsskóla á Íslandi og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni. FS netið er í öllum námsverum og námsstofum á Norðurlandi vestra og greiða sveitarfélögin kostnað við það samkvæmt samningi. Menntamálastofnun réð Jóhann til ákveðinna verkefna í lok ársins 2015 í tengslum við FS netið.

Farskólinn keypti þjónustu um kerfisleigu hjá Fjölneti á Sauðárkróki. Haustið 2015 gerði Farskólinn samning um Microsoft Office 365. Heimasíða Farskólans var vistuð hjá Basis ehf. Sem nú tilheyrir Símanum.

Gæðastarf – viðurkenning fræðsluaðila

Farskólinn fékk formlega gæðavottun EQM (European Quality Mark) við lok ársins 2012 frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Sjá mynd 17.



Mynd 17. Myndin sýnir formlega staðfestingu á viðurkenningu EQM.

Gæðastarf í Farskólanum var ekki tekið út af til þess bærum aðilum árið 2015 enda samningur við matsaðila (BSI) liðinn. Gæðahandbók er í stöðugri endurskoðun. Bryndís Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri, hefur umsjón með gæðamálum Farskólans.

Upplýsingar um EQM er að finna á slóðinni: <http://frae.is/gaedavottun/>
Upplýsingar má einnig finna á slóðinni: <http://www.europeanqualitymark.org/home/>

Farskólinn hlaut formlega viðurkenningu sem fræðsluaðili frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í október 2012. Sú viðurkenning er runnin út og hefur ekki enn verið endurnýjuð.

Samstarfsaðilar og önnur verkefni

Auk Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er Farskólinn í góðu samstarfi við marga aðila.

Kvasir

Farskólinn er aðili að Kvasi - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þétrið net hringinn í kringum landið. Sjá mynd 18. Rauðir deplar á kortinu sýna hvar höfuðstöðvar miðstöðvanna eru og blári deplar sýna staðsetningu útstöðva.



Mynd 18. Myndin sýnir staðsetningu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis.

Í stjórn Kvasis fyrri hluta ársins 2015 sátu Erla Björg Guðmundsdóttir, frá SÍMEY, Inga Dóra Halldórsdóttir frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og Ásmundur Sverrir Pálsson frá Fræðsluneti Suðurlands. Á vörfundum Kvasis var Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða kosinn í stjórn í stað Ásmunar. Á fyrsta fundi stjórnar var Smári kosinn formaður, Erla ritari og Inga Dóra gjaldkeri.

Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk þess sem á vegum Kvasis voru haldnir hefðbundnir vor- og haustfundir. Vorfundur Kvasis var haldinn í Reykjavík og haustfundurinn var haldinn í Neskaupstað í lok september.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is. Þar má meðal annars lesa árskýrslur samtakanna og fleira fróðlegt sem tengist starfi stöðvanna.

Leikn

Farskólinn er aðili að Leikn en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar starfsárið 2015 – 2016 er Hulda Anna Arnljótsdóttir frá Fræðsluetrinu Starfsmennt. Auk Huldu sitja í stjórn: Guðrún Lárusdóttir frá Landbúnaðarháskólanum, Sólveig H. Björnsdóttir, Framvegis, Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi og Þuríður Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is.

Á starfsárinu hélt Leikn meðal annars nokkra fræðslufundi í fjarfundi sem starfsfólk Farskólans hafði tækifæri til að sækja.

Skólar og leiðbeinendur

Farskólinn var í góðu samstarfi við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Fjölbautaskólinn sá um að votta framhaldsskólæiningar í vottuðum námsleiðum FA. Leiðbeinendur á lengri námskeiðum Farskólans komu einnig margir þaðan. Fjölbautaskólinn og Farskólinn voru, ásamt fleirum, samstarfsaðilar um Fisktækninám á Sauðárkróki eins og áður hefur verið nefnt.

Leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans komu einnig frá grunnskólum á svæðinu. Langflestir leiðbeinendur á námskeiðum Farskólans voru verktakar.

Farskólinn var í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Farskólinn auglýsti það fjarnám sem var í boði til Norðurlands vestra á heimasíðu sinni og í sérstöku háskólablaði.

Samstarf um verkefnastjóra á Skagaströnd

Stjórn Farskólans samþykkti árið 2014 að halda áfram samstarfi við sveitarfélagið Skagaströnd um verkefnastjóra. Starfshlutfall verkefnastjóra var 12,5%. Verkefnastjóri var Ólafur Bernódusson, fyrrverandi grunnskólakennari og náms- og starfsráðgjafi. Helstu verkefni verkefnastjóra voru stuðningur við námsmenn sem sóttu námskeiðið „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“ á Skagaströnd. Námsmenn voru allt karlmenn sem voru að ná sér í réttindi í trúnað og pípulögnum. Þeir voru einnig skráðir í nám hjá FNV.

Fræðslustjóri að láni – Markviss

Farskólinn lauk vinnu við þrjú „Fræðslustjóri að láni“ verkefni árið 2015. Notast var við Markviss aðferðafræðina í allri greiningarvinnu. Verkefnin voru unnin fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki og Blönduósi og hjá sveitarfélaginu Skagafirði. Ríkismennt, Landsmennt og Kjölur fjármögnuðu verkefnin. Fljótlega eftir að greiningarvinnu lauk hóf Farskólinn að skipuleggja fræðslustarfið hjá fyrrnefndum stofnunum. Farskólinn var í góðu samstarfi við SÍMEY og Þekkingarnet Þingeyinga varðandi skipulag fræðslustarfs hjá HSN.

Bryndís Þráinsdóttir, Halldór Gunnlaugsson og Jóhann Ingólfsson unnu Markviss greiningar á vegum Farskólans.

„The European Flame“ - Evrópuverkefni

Farskólinn var samstarfsaðili í Evrópuverkefni (Grundtvig) sem kallaðist „The European Flame“. Viðfangsefni verkefnisins var „autonomous vocabulary learning“. Samstarfsaðilar voru frá Belgíu, Hollandi, Austurríki, Póllandi, Svíþjóð auk Íslands. Verkefninu lauk með vinnuferð til Svíþjóðar 6. – 10. maí. Í ferðina fóru: Gígja Símonardóttir, Jóhann Ingólfsson, Kristín Einarsdóttir, Rita Didriksen og Þorsteinn Hjaltason. Vefslóð inn á heimasíðu verkefnisins er: <http://the-european-flame.weebly.com/>. Halldór Gunnlaugsson stýrði verkefninu fyrir hönd Farskólans.

Ráðstefnur og fundir

Starfsfólk Farskólans sótti fundi, námskeið og ráðstefnur árið 2015.

Tafla 7. Yfirlit yfirhelstu fundi, ráðstefnur og námskeið utan starfssvæðis Farskólans árið 2015.

Dagsetning	Erindi	Starfsmenn
21. – 25. janúar	BETT - London	Jl
12. febrúar	Kvasir. Forstöðumannafundur - Bifröst	BÞ
13. febrúar	Fundur með Fræðslusjóði og FA - Reykjavík	BÞ
16. febrúar	Menntun núna - Bifröst	BÞ
27. febrúar	Ráðgjafafundur - Reykjavík	BÞ
14. – 15. mars	Vendikennsla ráðstefna – Keilir Reykjanesbær	BÞ, Jl
5. – 10. maí	The European Flame - Svíþjóð	GS, Jl, KE, RD, ÞH
18. maí	Menntun núna - Reykjavík	BÞ, Jl, AR
26. – 27. maí	Kvasir vorfundur og FA – forstöðumenn - Keflavík	BÞ
27. maí	Verkefnastjórafundur Kvasir - Keflavík	AR, HG, Jl
9. júní	Skýrsla Capacent um íslenskunám - Reykjavík	BÞ, Jl
18. – 19. ágúst	Fræðsluferð starfsmanna til Fræðslunets Suðurlands - Selfoss	BÞ, GS, HG, Jl og SH
17. – 18. sept.	Ráðgjafafundur - Reykjavík	SH
21. – 22. sept	Hausfundur Kvasis - Neskaupstaður	BÞ
25.- 26. sept.	Raunfærnimat námskeið - Reykjavík	SH
7. október	Mennta- og menningarmálaráðuneyti – Ársskýrsla - Reykjavík	BÞ
30. október	Færni til framtíðar, ráðstefna – Fundur Framvegis - Reykjavík	BÞ
19. nóvember	Þjónustukannanir, fundur hjá FA	BÞ
30. nóvember	Ársfundur FA – Reykjavík og Kvasisfundur	BÞ, Jl, HG

Starfið framundan í Farskólanum

Í lok ársins 2015 sótti Farskólinn um að kenna sex vottaðar námsleiðir FA. Fræðslusjóður samþykkti fjármagn að upphæð 12.100.000 kr. Eftirtaldir námsleiðir verða í boði árið 2016. Sjá töflu 8.

Tafla 8. Taflan sýnir þær vottuðu námskrár sem kenndar verða í Farskólanum, samkvæmt áætlun 2016.

Heiti námskrár	Lengd	Framlag	Námsmenn áætlun
Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré – 50%		5.100.000,-	17
Grunnmenntaskólinn (Nýtt fisktækninám) 25%		1.020.000,-	12
Félagssliðabré – 25%		1.632.500,-	12
Opin smiðja – matarsmiðja – Beint frá býli		1.960.000,-	10
Jarðlagnatækni 50%		2.065.000,-	10
Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum 50%		2.040.000,-	12
Samtals		13.817.500,-	74

Í kjölfar verkefnisins „Fræðslustjóri að láni“ hjá HSN á Blönduósi og Sauðárkróki og hjá sveitarfélaginu Skagafirði hefur verið nokkur gróska í fræðsluverkefnum sem Farskólinn hefur skipulagt og haldið utan um. Má þar nefna nokkur skyndihjálparnámskeið og námskeið í sjálfsefningu og samskiptum sem kallast „húmor og hamingja“. Gert er ráð fyrir því að með haustinu verði farið í ný greiningarverkefni hjá sveitarfélögum í Húnavatnssýslum.

Áfram verður lögð áhersla á að heimsækja fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra og þegar er búið að ákveða með samningi við Áttina (www.attin.is) að kynna hana vandlega fyrir stjórnendum á svæðinu.

Raunfærnimat á mótí félagssliðabré fer fram í byrjun sumars og í haust og síðan hefst nám á félagssliðabré í kjölfarið. Farskólinn vinnur að því, ásamt FNV og FISK að koma á fót nýju námi í Fisktækni haustið 2016.

Námskeið fyrir ferðaþjónustuaðila eru áfram í brennidepli. Mikill áhugi er fyrir námskeiðum sem tengjast nærumhverfinu og svæðisleiðsögn.

Lokaorð

Árið 2015 einkenndist meðal annars af því að fleiri verkefni komu inn á borð starfsmanna sem tengjast fyrirtækjum og stofnunum. Í kjölfar „Fræðslustjóra að láni“ hófst vinna starfsmanna við að skipuleggja og hafa umsjón með fræðsluverkefnum. Það er ánægjuleg þróun og er það von okkar í Farskólanum að fræðsluverkefni af þessum toga haldi áfram.



Mynd 19. Fræðslustjóri að láni. Frá afhendingu skýrslu. Frá vinstri: Bryndís Þráinsdóttir, frá Farskólanum, Ásta Pálmadóttir, sveitarstjóri sveitarfélagsins Skagafjarðar og Kristín Njálsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitamenntar.

Gott samstarf hefur verið á milli Farskólans og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem næst standa, landfræðilega séð og mun það samstarf aukast á næstu misserum meðal annars með sameiginlegum fræðsluverkefnum.

Fyrir hönd stjórnar Farskólans, er samstarfsaðilum Farskólans og starfsfólki færðar þakkir fyrir gott samstarf á árinu 2015.

Sauðárkrókur í maí 2016.


Bryndís Kristín Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl


Farskólinn - námskeið á vorönn 2015								
	Heiti námskeiðs	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Býflugnaræktun	Sauðárkrókur	1	1	75	75	1	0
2	Detox	Sauðárkrókur	13	13	4	52	13	0
3	Gigt og grasalækningar	Sauðárkrókur	9	9	4	36	9	0
4	Grunnmenntaskólinn annar hluti (37,5%) Fisktækni	Sauðárkrókur	14				5	9
	Íslenska 1			7	35	280		
	Stærðfræði			10	40	400		
5	Heilsa og hollusta fyrir alla	Blönduós	10	10	3	30	10	0
6	Hundabjálfun - grunnnámskeið	Sauðárkrókur	8	8	12	96	4	4
7	Hundabjálfun - grunnnámskeið	Hvammstangi	7	7	12	84	6	1
8	Hundabjálfun - grunnnámskeið	Sauðárkrókur	7	7	12	84	5	2
9	Hundabjálfun - Sporaleit	Sauðárkrókur	10	10	12	120	8	2
10	ipad fyrir byrjendur	Sauðárkrókur	5	5	4,5	22,5	5	0
11	ipad fyrir byrjendur	Hvammstangi	9	9	4,5	40,5	6	3
12	Íslenska fyrir útlendinga - framhaldsnámskeið	Sauðárkrókur	13	13	60	780	13	0
13	Jóga með Guðrúnu Bjarnadóttur	Sauðárkrókur	11	11	16	176	11	0
14	Krabbameinslyf og alnæmislyf	Sau./Hvt./Blö.	20	20	20	400	20	0
15	Ljósmyndun og myndir sem kynningarefni	Blönduós	9	9	15	135	8	1
16	Ljósmyndun og myndir sem kynningarefni	Hvammstangi	8	8	15	120	8	0
17	Ljósmyndun og myndir sem kynningarefni	Sauðárkrókur	12	12	15	180	11	1
18	Markaðssetning á netinu	Blönduós	14	14	9	126	12	2
19	Markaðssetning á netinu	Hvammstangi	5	5	9	45	5	0
20	Markaðssetning á netinu	Sauðárkrókur	14	14	9	126	11	3
21	Matjurtagarðurinn þinn	Hvammstangi	3	3	4,5	13,5	3	0
22	Matjurtagarðurinn þinn	Blönduós	11	11	4,5	49,5	11	0
23	Matjurtagarðurinn þinn	Sauðárkrókur	17	17	4,5	76,5	16	1
24	Nám og þjálfun 8 seinni hluti (50%)	Sauð/Blö/Strönd	18				9	9
	Enska 102			7	35	245		
	Enska 202			8	35	280		
	Enska 212			10	35	350		
	Íslenska 202			9	35	315		
	Stærðfræði 102			11	40	440		
	Stærðfræði 122			16	40	640		
25	Núvitund með Tolla	Skagafjörður	13	13	10	130	9	4
26	Orkering	Sauðárkrókur	6	6	5,5	33	6	0
27	Saga og smökkun viskí	Sauðárkrókur	14	14	3	42	1	13
28	Saumanámskeið - kjóll og leggings	Blönduós	5	5	16	80	5	0
29	Saumanámskeið - kjóll og leggings	Sauðárkrókur	7	7	16	112	7	0
30	Siðfræði og samskipti	Sauðárkrókur	9	9	6	54	9	0
31	Siðfræði og samskipti	Blönduós	6	6	6	36	6	0
32	Skrifstofuskólinn	Sau/Blö/Hvt.	18	18	120	2160	14	4
33	Spjaldtölvur fyrir byrjendur	Sauðárkrókur	6	6	4,5	27	5	1
34	Stofnun, stjórnun og rekstur fyrirtækja	Sauðárkrókur	14	14	15	210	11	3
35	Stofnun, stjórnun og rekstur fyrirtækja	Blönduós	11	11	15	165	9	2
36	Stofnun, stjórnun og rekstur fyrirtækja	Hvammstangi	10	10	15	150	9	1

37	Upptaka myndefnis, klipping og frágangur	Sauðárkrókur	16	16	15	240	12	4
38	Upptaka myndefnis, klipping og frágangur	Blönduós	12	12	15	180	10	2
39	Upptaka myndefnis, klipping og frágangur	Hvammstangi	5	5	15	75	5	0
40	Þjónustunámskeið fyrir ferðaþjónustuna	Sauðárkrókur	15	15	10	150	9	6
41	Þjónustunámskeið KS	Sauðárkrókur	12	12	10	120	9	3
42	Öldrunarlyfjafræði	Sau./Hvt.	12	12	20	240	12	0
			439	485	937	10021,5	358	81


Farskólinn - námskeið á haustönn 2015								
	Heiti námskeiðs	Hvar	Nem	Nem	Kest	Nemst	Kon	Karl
1	Bjórgerð	Hólar	5	5	13	65	1	4
2	Grunnmenntaskólinn	Sauðárkrókur	11			0	4	7
	Enska 102			7	35	245		
	Íslenska 202			10	35	350		
3	Leikskólalíða- og stuðningsfulltrúabré	Sau/Blö/	19	19	117	2223	18	1
4	Námskeið fyrir starfsmenn bókasafna	Blönduós	10	10	12	120	8	2
5	Orkering	Sauðárkrókur	8	8	4,5	36	8	0
6	Postulínsmálun	Sauðárkrókur	13	13	3	39	13	0
7	Púðar/textíll	Sauðárkrókur	11	11	3	33	11	0
8	Pylsugerð	Sauðárkrókur	15	15	4,5	67,5	10	5
9	Skrifstofuskólinn	Sau/Blö/	9	9	120	1080	8	1
10	Skyndihjálpar hjólaþjónustu Sv.fél Skagafjarðar	Sauðárkrókur	7	8	16	128	6	1
11	Skyndihjálpar HSN	Blönduós	10	10	6	60	10	0
12	Smíðar - Fjölmennt	Sauðárkrókur	5	5	30	150	2	3
13	Streita og streitulosun í krefjandi vinnuumhverfi	Sau/Blö/Hvt.	8		15	0	8	
14	Vakinn - gæðakerfi í ferðaþjónustu	Sau./Blö.	14	14	12	168	9	5
15	Vellíðan í vatni, hópur 1	Sauðárkrókur	3	3	15	45	3	0
16	Vellíðan í vatni, hópur 2	Sauðárkrókur	3	3	15	45	2	1
17	Viskí	Sauðárkrókur	25	25	4,5	112,5	2	23
18	Windows, internetið, tölvupóstur og PowerPoint	Sauðárkrókur	2	2	15	30	2	0
			178	177	476	4997	125	53



Mynd 20. Myndin sýnir fjölda násmanna frá árinu 2006.



Mynd 21. Myndin sýnir fjölda kennslustunda frá árinu 2006.



Mynd 22. Myndin sýnir fjölda nemendastunda frá árinu 2006.